



Fjölbautaskóli  
Suðurlands

# HJÚK3FG05

## Fjölskylduhjúkrun/ samfélagshjúkrun

### Kennsluáætlun vorönn 2021

**Kennari/ar:** Íris Þórðardóttir

**Skammstöfun:** Íþ

#### Lýsing

Í áfanganum er fjallað um hugtök og kenningar í fjölskyldu- og geðhjúkrun ásamt heimahjúkrun og heilsugæslu. Farið er í kenningar um þroskaferil fjölskyldunnar, þarfir og verkefni fjölskyldumeðlima á ýmsum þroskastigum. Farið er í hugmyndafræði heilsueflingar og hjúkrunarviðfangsefni í tengslum við fjölskyldu- og heimahjúkrun.

Fjallað er um algengar geðraskanir, hjúkrun, forvarnir og endurhæfingu geðsjúkra með áherslu á fjölskyldumiðaða nálgun. Áhersla er lögð á að nemandinn kynnist mikilvægi geðhjúkrunar á hinum ýmsu sviðum heilbrigðisþjónustunnar.

Í áfanganum er lögð áhersla á tengingu fræðilegrar þekkingar við skipulagningu og framkvæmd hjúkrunar.

**Forkröfur:** HJÚK3ÖH05 54

#### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hugtökum og kenningum í fjölskyldu- og geðhjúkrun
- hlutverki heilsugæslu og heimahjúkrunar í samfélaginu
- hugmyndafræði þroska- og fjölskyldukenninga
- heilsueflingu og forvörnum
- einkennum og hjúkrunarmeðferðum algengra geðraskanna og fíknisjúkdóma.

#### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- túlka helstu kenningar og hugtök innan fjölskyldu- og geðhjúkrunar
- útskýra hlutverk heima- og heilsugæsluhjúkrunar
- bera saman hugmyndafræði mismunandi þroska- og fjölskyldukenninga
- vera þáttakandi í heilsueflingu og forvörnum í samfélaginu
- lýsa einkennum algengra geðraskanna og fíknisjúkdóma
- nota viðurkenndar hjúkrunarmeðferðir í fjölskyldu- og geðhjúkrun

## **Hæfniviðmið**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nota kenningar og hugtök innan fjölskylduhjúkrunar í raunverulegum verkefnum
- geta rökstutt hjúkrunarmeðferðir í heima- og heilsugæsluhjúkrun og yfirfært hæfni úr öðrum í hjúkrunaráföngum í störfum sínum
- geta lýst áhrifum veikinda einstaklings á fjölskylduna
- geta hjúkrað einstaklingum með geðraskanir og fíknisjúkdóma
- geta beitt þekkingu sinni í samvinnu við aðrar fagstéttir
- geta leiðbeint og frætt um heilsueflingu og forvarnir.

## **Námsmat:**

Verkefni, ritgerðir, mæting og virkni í tíma – skil á réttum tíma 100%

Próflaus áfangi, til að ná áfanganum þarf 90% mætingu, góð og metnaðarfull verkefni, skil á réttum tíma..

*Öll verkefni skuli vera þannig gerð og unnin að ekki sé um ritstuld að ræða, ef svo er að tilvísanir og heimildir eru of fáar til að teljast annað en endurtekning – er einkun gefin fyrir 0 – núll.*

## **Námsefni:**

Hjúkrun 2 og efni frá kennara

## **Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

Vikur/dags.	Hugtök og efnispættir	Lesefni
1. vika 5.1- 11.1	Kynning á námsefni. Meðganga +Verkefni	
		10%

2. vika 12.-18.1	Breytingar á meðgöngu og meðgöngukvillar	
3. vika 19.-25.1	Verkefni	10%
4. vika 26.1- 01.2	Vöxtur og þroski	
5. vika 2.2-8.2	Verkefni	10%
6. vika 9.2-15.2	Misþroski barna	
7. vika 16.2-22.2	Verkefni	10%
8. vika 23.2-01.3	Geðsjúkdómar	
9. vika 2.3.-8.3	Verkefni	10%
10. vika 9.3.-17.3	Sjálfsskaði og sjálfsvíg Verkefni	10%
11 vika 20.3-24.3	Verknám á deild	
12. vika 27.3-31.3	Verknám á deild	
13.vika	Verknám á deild	

03.4-07.4		
14. vika 10.4-18.4	Páskafrí	
15.vika 19.4.26.4	Forvarnir og úrræði geðsjúkdóma  Verkefni	10%
16. vika 27.4.-03.5	Aukaefni frá kennara	10%
17. vika 04.5.-10.5	Virkni, mæting og góð skil verkefna	20%

**Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.**